



Háskólinn
á Akureyri

UPPLÝSINGAR FYRIR NÝNEMA

Þjónustuborð

Þjónustuborð er við aðalinngang háskólans (Miðborg). Þar eru veittar allar almennar upplýsingar og margvísleg aðstoð sem og vottorð um skólavist, staðfest afrit af námsferlum og prófskráteinum svo og útprentaðan námsferil með námskeiðslýsingum gegn vægu gjaldi.

Opnunartími: **kl. 08:00–16:00 alla virka daga**

Sími: **460 8040**

Netfang: **nemskra@unak.is**

Upplýsingakerfi nemenda

Ugla er upplýsingakerfi HA. Nemendur og starfsfólk háskólans hafa aðgang að eigin heimasvæði á Uglu og þar má m.a. finna bókalaista, upplýsingar um námsferla, stundaskrár, tilkynningar og auglýsingar frá háskólanum o.fl. Vefslóð Uglu er ugla.unak.is.

Moodle kennslukerfi

Moodle er aðgangsstýrt kennslukerfi þar sem nemar hafa aðgang að þeim námskeiðum sem þeir eru skráðir í það misserið. Þar má einnig finna upplýsingasíðu nemenda um þjónustu innan HA, s.s. Kennslumiðstöð, námsráðgjöf, skiptinám og bókasafn. Vefslóðin er moodle.unak.is.

Staðfesting og skráning í og úr námskeiðum

Skráning í og úr námskeiðum fer fram rafrænt í Uglu. Við umsókn um skólavist var nýnemum ætlað að skrá sig í viðeigandi námskeið sinnar námsleiðar og ættu þau að birtast á ferli nemenda í Uglu. Á fyrstu vikum haust- og vormisseris þurfa nemendur að staðfesta skráningu í námskeið. Jafnframt gefst nemendum tækifæri til að gera breytingar á fyrri skráningu. Staðfestingin jafngildir skráningu í próf í viðkomandi námskeiði. Staðfesti nemandi ekki skráningu í námskeið telst hann vera hættur í viðkomandi námskeiði og er tekinn af lista yfir þá nemendur sem skráðir eru til prófs.

Skráning í og úr prófum

Skráning nemenda í próf námskeiða sem hann sækir er sjálfkrafa. Vilji nemandi skrá sig í próf úr námskeiði sem hann var ekki skráður í er hægt að hafa samband við skrifstofustjóra hvers sviðs. Vanræki nemandi að skrá sig úr prófi sem hann ekki þreytir jafngildir það falli á prófinu. Vinsamlega athugið að nemandi sem skráir sig úr prófi hefur ekki rétt til að taka endurtökupróf. Upplýsingar um skráningarfresti er að finna í almanaki HA á vefsíðu skólans, unak.is.

Sjúkra- og endurtökupróf

Sjúkra- og endurtökupróf eru haldin í byrjun janúar í námskeiðum haustmisseris og í lok maí í námskeiðum vormisseris. Skráning í sjúkra- og endurtökupróf fer fram í Uglu að lokinni reglulegri próftíð. Fyrir öll endurtökupróf þarf að greiða próftökugjald sem er kr. 6.000 og greiðsla þarf að berast eigi síðar en viku fyrir prófdag svo skráning teljist gild. Ekki þarf að greiða próftökugjald ef um sjúkrapróf er að ræða. Veikindi á prófdegi á að tilkynna samdægurs til nemendaskrár HA og staðfesta með læknisvottorði innan fimm daga. Þó nemandi sé veikur í prófi er hann ekki sjálfkrafa skráður í sjúkrapróf og þarf því sjálfur að skrá sig í það. Nauðsynlegt er að nemandur kynni sér reglur um námsmat á vef háskólans.

Náms- og starfsráðgjafi

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er fjölbætt. Hann veitir nemendum háskólans margvíslega þjónustu, stuðning og leiðbeiningar meðan á námi stendur. Auk þess leiðbeinir ráðgjafi væntanlegum nemendum um val á námi og veitir upplýsingar um nám í HA og þjónustu innan háskólans sem nemendur eiga kost á. Náms- og starfsráðgjafi hefur umsjón með málefnum fatlaðra nemenda og nemenda með sértæka námsörðugleika.

Náms- og starfsráðgjöf HA leggur áherslu á að veita þjónustu sem er persónuleg og sniðin að þörfum þeirra sem eftir henni leita hverju sinni. Skrifstofa náms- og starfsráðgjafa er staðsett í E-húsi, Sólborg.

Solveig Hrafnadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Sími: **460 8034**

Opnir viðtalstímar: **kl. 13:30–14:30 alla virka daga**

Tímabókanir fara fram á netfanginu solveig@unak.is

Alþjóðafulltrúi

Nemandur eiga kost á að taka hluta af námi sínu við erlenda samstarfsháskóla í gegnum nemendaskiptaáætlanir á borð við Erasmus+ og Nordplus. Um er að ræða eins til tveggja missera nám og eru ferða- og upphaldsstyrkir í boði. Auk þess er HA með tvíhliða samninga við nokkra háskóla utan Evrópu.

Rúnar Gunnarsson, alþjóðafulltrúi

Sími: **460 8035**

Netfang: international@unak.is

Vefsíða: www.unak.is/skiptinam

Bókasafn og upplýsingaþjónusta

Þar hafa nemendur aðgang að fræðibókum og margvíslegum raf-rænum gagnasöfnum og tímaritum. Starfsfólk bókasafns veitir ráðgjöf og aðstoð við upplýsingaleit og leggur áherslu á að veita nemendum og starfsfólki háskólans, sem og öðrum lánþegum, faglega og persónulega þjónustu.

Á bókasafninu hafa nemendur aðgang að lesstofu allan sólarhringinn. Eftir lokun er hægt að komast inn með nemendaskírteininu.

Sími: **460 8050** eða **460 8060**

Netfang: **bsha@unak.is**

Vefsíða: **www.unak.is/bokasafn**

Tölvurými og lesstofa

Lesstofa og tölvurými fyrir nemendur eru á bókasafni háskólans. Þá er nemendum einnig heimilt að nýta mötuneyti til náms utan matmálstíma. Að þessum svæðum hafa nemendur aðgang allan sólarhringinn. Á 2. hæð Miðborgar er lesrými opið fyrir nemendur til kl. 21:30.

Nemendaskápar

Á H-gangi eru læstir skápar til útleigu fyrir nemendur. Helmingur skápanna er með tengli fyrir hleðslutæki þannig að þar er hægt að geyma og hlaða fartölvur. Upplýsingar um útleigu á nemendaskápum er að finna á þjónustuborði háskólans.

Kennslumiðstöð: gagnasmiðja/tölvuþjónusta

Þjónustuborð fyrir tölvuþjónustu háskólans heitir gagnasmiðja og er hluti af kennslumiðstöð HA. Hún er staðsett á sameiginlegu þjónustuborði með bókasafni í F-húsi. Þar hafa nemendur aðgang að ýmsum tækjum, svo sem diktafónum og myndavélum. Starfsfólk gagnasmiðju leiðbeinir nemendum um tölvumál og tekur við ábendingum. Gagnasmiðjan er með svæði á Uglu-innri vef og er þar að finna upplýsingar og leiðbeiningar sem varða tölvumál háskólans, svo sem þráðlaust net, nemendaskírteini, prentaramál og margt fleira.

Opnunartími: kl. **08:00-16:00** alla virka daga

Sími: **460 8070**

Netfang: **gagn@unak.is**

Vefsíða: **www.unak.is/kennslumidstod**

Kaffi Hóll

Mötuneyti háskólans heitir Kaffi Hóll. Á virkum dögum er boðið upp á heita máltíð í hádeginu, súpu, samlokur o.fl.

Opnunartími: kl. **8:00-15:20** mán.- fim. og til **14:00** á föstudögum

Prek- og hreyfisalur

Fyrir þá sem hafa áhuga á bættri heilsu og líðan er aðgangur að prek- og hreyfisal í háskólanum. Salurinn er opin mánudaga til föstudaga kl. 07:35–14:00 og kl. 16:00–21:30, en lokaður meðan á kennslu í honum stendur. Nemendur eru hvattir til þess að nýta sér salinn.

YFIRLITSMYND AF HÚSAKYNNUM HA



Skrifstofa hug- og félagsvísindasviðs

er á 1. hæð í A-húsi á Sólborg.

Skrifstofustjóri:

Heiða Kristín Jónsdóttir

Sími: **460 8039**

Netfang: **heida@unak.is**

Deildarstjóri:

Torfhildur S. Þorgeirsdóttir

Sími: **460 8042**

Netfang: **torfhild@unak.is**

Forseti hug- og félagsvísindasviðs:

Sigrún Stefánsdóttir

Netfang: **sigruns@unak.is**

Skrifstofa heilbrigðisvísindasviðs

er á 1. hæð í A-húsi á Sólborg.

Skrifstofustjóri:

Ingibjörg Smáradóttir

Sími: **460 8036**

Netfang: **ingibs@unak.is**

Forseti heilbrigðisvísindasviðs:

Eydis Kristín Sveinbjarnardóttir

Netfang: **eydis@unak.is**

Skrifstofa viðskipta- og raunvísindasviðs

er á 2. hæð á Borgum.

Skrifstofustjóri:

Ása Guðmundardóttir

Sími: **460 8037**

Netfang: **asa@unak.is**

Forseti viðskipta- og raunvísindasviðs:

Rannveig Björnsdóttir

Netfang: **rannveig@unak.is**